Afreksstarf LH í hestaíþróttum

september 2025 til október 2026

Inngangur

Þessi samantekt tekur saman það helsta sem gerðist í afreksstarfi Landssambands hestamannafélaga (LH) á tímabilinu september 2025 til október 2026. Skýrslan dregur fram helstu verkefni, stefnumótun, mannabreytingar, val í landsliðshópa, undirbúning og árangur á Norðurlandamótinu 2026 og næstu skref.

Í upphafi árs 2026 urðu kaflaskil í afreksstarfi LH. Haustið 2025 voru samningar við starfandi landsliðsþjálfara lausir og fóru afreksstjóri og landsliðsnefnd þá í vinnu við að endurskilgreina og uppfæra afreksstarfið. Í kjölfarið voru nýir þjálfarar ráðnir til starfa í desember 2025 í báðum landsliðshópum. Starfslýsingar afreksstjóra, yfirþjálfara Hæfileikamótunar og beggja landsliðshópa voru uppfærðar ásamt verkferlum við val inn í hópana, auk þess sem valteymi var sett á laggirnar til að aðstoða þjálfarana við val í hópana. Valteymið er skipað þremur aðilum sem koma að valinu: formaður landsliðsnefndar, afreksstjóri og þjálfari hvers hóps.

Í upphafi árs var valið í landsliðshópana, 24 í A-landsliðshópinn og 19 í U21 landsliðshópinn, og alls 42 nemendur í Hæfileikamótun LH. Afreksstarfið byggir því á 85 afreksknöpum, auk teymis í kringum hvern hóp. Ákveðið var jafnframt að setja aukinn kraft í þátttöku Íslands á Norðurlandamótinu í Svíþjóð, sérstaklega hjá eldra liðinu, en yngri þátttakendur hafa undanfarið verið margir og sterkir.

Í þessari vinnu var rík áhersla lögð á að nýir þjálfarar gengju inn í ákveðið starfsumhverfi þar sem þeir ættu auðvelt með að koma áherslum sínum á framfæri, á sama tíma og vinnuferli, hlutverk og starfslýsingar væru skýr, svo allir sem koma að afreksmálum hefðu skilgreinda ábyrgð og sinntu hlutverkum sínum. Teymisvinna hefur einkennt afreksstarfið mikið á árinu og nýtt starfsteymi hefur slípast vel saman.

Starfsmenn í afreksmálum

Hlutverk	Nafn
Afreksstjóri	Hinrik Sigurðsson
Landsliðsþjálfari A-landsliðs	Ísólfur Líndal Þórisson
Landsliðsþjálfari U-21 landsliðs	Sigvaldi Lárus Guðmundsson
Yfirþjálfari Hæfileikamótunar	Vigdís Matthíasdóttir

Landsliðsnefnd

Sigurbjörn Eiríksson, sem áður gegndi starfi varaformanns landsliðsnefndar, tók við sem formaður landsliðsnefndar LH eftir að Kristinn Skúlason lét af embætti eftir frábær átta ár.

Landsliðsnefnd skipa:

- Sigurbjörn Eiríksson, formaður
- Dagbjartur Halldórsson
- Sigurður Ágústsson
- Sóley Margeirsdóttir
- Þórhildur Katrín Stefánsdóttir
- Ólafur Gunnarsson, varaformaður

Þáttakendur funda sem talsmenn knapa voru:

- Viðar Ingólfsson, fulltrúi A-landsliðsknapa
- Eva Kærnested, fulltrúi U21-landsliðsknapa

Á nefndarfundum sitja einnig Hinrik Sigurðsson afreksstjóri LH, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri LH, Linda Björk Gunnlaugsdóttir formaður LH, auk fulltrúa U21- og A-landsliðsins.

Landsliðsnefnd fundaði með reglulegu millibili og til viðbótar eftir þörfum verkefna hverju sinni allt árið um kring. Auk þess átti formaður Landsliðsnefdar reglulega fundi með landsliðsþjálfurum, afreksstjóra, framkvæmdastjóra LH og formanni LH.

Hlutverk nefndarinnar, samkvæmt starfsreglum LH, er að efla og rækta afreksstarf LH — móta umgjörð og starfrækja landslið Íslands í hestaíþróttum ásamt Hæfileikamótun fyrir 14 – 17 ára knapa með það að markmiði að þau verði framtíðar afreksknapar.

Nefndin starfar í umboði stjórnar LH, ræður A- og U21-landsliðsþjálfara ásamt yfirþjálfara Hæfileikamótunar, gerir fjárhagsáætlanir fyrir starfsárið og einstakar landsliðsferðir, og aflar styrkja og samninga vegna verkefna sinna.

Stærsta verkefni landsliðsnefndar er fjáröflun, halda styrktarviðburði, afla nýrra styrktaraðila og endurnýja samninga við styrktaraðila.

Vel gekk að afla nýrra styrkja og endursemja við trygga styrktaraðila, þar fór fremst í flokki formaður LH, sem dæmi um árangur þá var samið við Lífland, Icelandair Cargo, Mustad, Blue Lagoon,Top Reiter og Stjörnublikk ásamt fleirum. Flest samningar eru gerðir til tveggja til þriggja ára sem þýðir að reglulega er bankað upp á hjá styrktataðilum, farið yfir samstarfið í heild sinni og upplýst hvað framundan er í afreksstarfi LH. Án sterkra styrktaraðila þá væri starfið mun fyrirferðarminna og styrkleiki hestamennskunar ekki á þeim stað sem hann er í dag.

Meðal stærstu fjáröflunarverkefna ársins var Allra sterkustu, sem haldið var 4. apríl 2026 (sjá umfjöllun hér síðar í skýrslunni).

Framlag Afrekssjóðs ÍSÍ til LH hefur aldrei verið meira og er góður skilningur innan ÍSÍ um stöðu hestaíþrótta.

Viðtöl við HM-2025 knapa auk landsliðsknapa sem ekki fóru á mótið

Í september 2025 var ákveðið að ræða við alla knapa sem fóru á heimsmeistaramótið í Sviss sumarið 2025 ásamt landsliðsknapa sem fóru ekki og heyra þeirra sjónarmið með landsliðsstarfið.

Endurgjöf frá knöpum liggur meðal annars til grundvallar þeirri stefnumótun farið var í og breytingum sem gerðar voru haustið 2025, þar á meðal stofnun valteymis og áherslu á fjölgun í landsliðshópunum.

Tillögur landsliðsnefndar að bættu verklagi

Í kjölfar viðtalanna setti landsliðsnefnd fram eftirfarandi tillögur að bættu verklagi:

- Skilgreina þarf hlutverk afreksstjóra, verkefni og skyldur
- Umgjörðin og ramminn fyrir þjálfara sé klár, verkefni og skyldur
- Þjálfarar ganga inn í umgjörð sem ákveðin er af landsliðsnefnd
- Formaður landsliðsnefndar, varaformaður landsliðsnefndar og framkvæmdastjóri LH ganga frá ráðningu á þjálfurum að undangengnu samþykki landsliðsnefndar og stjórnar LH
- Taka inn í upphafi sterkustu knapa óháð hestum, 20 – 25 knapar
- Þrengja að landsliðshóp í aðdraganda vals í lokahópi HM
- Við kynningu á lokahópum skal alltaf kynna 3 varaknapa

- Tryggja með eigendum að hestar séu í boði þegar keppnistímabilið utanhúss hefst á HM ári
- Menntadagurinn — jafnvel halda frekar sýnikennslu á fleiri stöðum og fleiri dögum, 2 klst. á fimmtudegi (ein af tillögum)
- Fulltrúi knapa í landsliðsnefnd, A og U21, þarf að skilgreina verkefni og skyldur
- Þjálfaramál, vinnuhópurinn leggur til að halda áfram með 3 þjálfara: Hæfileikamótun, A og U21
- Valteymi verði skipað 3 aðilum til þess að aðstoða við val í hópa: formaður landsliðsnefndar, afreksstjóri og þjálfari hvers hóps
- Sérstakt prógram fyrir titilverjendur
- Kynbótahross, lagt til að íþróttaknapar landsliðs sýni kynbótahross; ef aukaknapi fylgir kynbótahrossi er gjaldið hærra, enginn einkaþjálfari
- Skýrari verkferlar við atvikum sem upp koma á HM, verður á höndum formanns landsliðsnefndar
- Skýr samskipti fyrirfram um hlutverk á HM fyrir einkaþjálfara, knapa og andsliðsþjálfara

Mannabreytingar í þjálfarateymi

Í desember 2025 réð landsliðsnefnd **Ísólf Líndal Þórisson** sem nýjan þjálfara A-landsliðs í hestaíþróttum.

Sigvaldi Lárus Guðmundsson var ráðinn landsliðsþjálfari U21-landsliðsins og gegndi framan af árinu einnig starfi yfirþjálfara Hæfileikamótunar LH fram að vori 2026.

Í ágúst 2026 var starf yfirþjálfara Hæfileikamótunar auglýst laust til umsóknar, og í september 2026 var **Vigdís Matthíasdóttir** ráðin í starfið til næstu tveggja ára.

Hæfileikamótun LH

Landsliðsnefnd fór haustið 2025 yfir verklag Hæfileikamótunar og skilgreindi gildi þess: að efla knapa sem íþróttafólk og vera inngangur inn í landsliðsumhverfið. Verkefnið Hæfileikamótun hefur þróast vel síðustu ár og á mikinn þátt í því hversu framúrskarandi knapa við eigum í yngri flokkum. Verkefnið er lykillinn að framtíðinni í íslenskri reiðmennsku og mikilvægt er að halda vel utan um þennan hóp.

Upplegg og hlutverk yfirþjálfara:

- Utanumhald og kennsla
- Skilar Hólahelgi og tveimur vinnuhelgum á hvern hóp
- Val í hópa, ásamt aðilum úr valteymi
- Kemur að vali unglinga á Norðurlandamót í samráði við U21-þjálfara
- 2 ára samningur við yfirþjálfara, líkt og hjá A- og U21-þjálfurum

Faglegur hluti Hæfileikamótunar og námskrá:

Yfirþjálfari, afreksstjóri og formaður landsliðsnefndar móta stefnumótandi dagskrá

Rúmlega 60 unglingar sóttu um að komast inn í Hæfileikamótun LH 2025–2026. Því miður var ekki hægt að verða við óskum allra umsækjenda og voru 42 verðandi afreksknapar á aldrinum 14–17 ára teknir inn í Hæfileikamótun, og knöpunum skipt upp í tvo hópa eftir aldri.

Starfsárið hófst að vanda með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gist var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar, m.a. ásetu og stjórnun, fimiæfingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum.

Ásamt þessu fengu allir tvær kennsluhelgar í Eldhestum eftir áramót þar sem kennt var í einkatímum og boðið upp á fyrirlestra. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir ásamt því að auka skilning fyrir hestinum. Síðan var einn lokadagur um vorið þar sem boðið var upp á fyrirlestra, mat og skoðunarferð á Ingólfshvoll og Sunnuhvoll.

Í september 2026 var opnað fyrir umsóknir í Hæfileikamótun LH 2026-2027, kennsla verður undir stjórn nýs yfirþjálfara, Vigdísar Matthíasdóttur, sem tók þá við hlutverkinu af Sigvalda.

A- og U21 landsliðshópar

Valteymi

Í nóvember 2025 var sett á laggirnar sérstakt valteymi til stuðnings þjálfurum við val í afrekshópana. Það samanstendur af þjálfara hvers hóps ásamt formanni landsliðsnefndar og afreksstjóra LH og aðstoðar við gagnaöflun, greiningu árangurs og undirbúning valferlis — þjálfari hvers hóps hefur þó endanlegt ákvörðunarvald um valið.

A-landsliðshópur LH 2026

Við val á knöpum í landsliðshópana er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu.

Snemma árs 2026 tilkynnti Ísólfur Líndal A-landsliðshóp skipaðan 24 úrvalsknöpum sem leggja upp í vegferð í átt að Norðurlandamóti í Svíþjóð og þaðan að heimsmeistaramótinu í Rieden í Þýskalandi 2027. Allir knapar í hópnum hafa náð framúrskarandi árangri í hinum ýmsu greinum, búa yfir spennandi og sterkum hestakosti fyrir komandi tímabil og hafa sett sér skýr markmið um árangur.

Áhersla er lögð á að sterkustu knapar landsins á hverjum tíma séu hluti af hópnum sem kemur saman reglulega yfir árið, fær fræðslu og stuðning, og leggur jafnframt mikið af mörkum við fjáröflun fyrir stór verkefni LH. Endanlegt val á landsliðshópnum með áherslu á HM 2027 verður í október 2026.

Titilverjendur

Fimm ríkjandi heimsmeistarar frá HM í Sviss sumarið 2025 eru í hópnum og munu keppa á HM í Þýskalandi 2027 fyrir A landsliðið:

- Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, Herði — heimsmeistari í slaktaumatölti
- Árni Björn Pálsson, Fáki — heimsmeistari í tölti
- Kristján Árni Birgisson, Geysi — heimsmeistari í 100 m og 250 m skeiði ungmenna
- Jón Ársæll Bergmann, Geysi — þrefaldur heimsmeistari ungmenna (samanlagðar fimmgangsgreinar, gæðingaskeið og fimmgangur)
- Védís Huld Sigurðardóttir, Sleipni — heimsmeistari í tölti og fjórgangi ungmenna

Aðrir knapar í A-landsliðshópi LH 2026

- Arnhildur Helgadóttir, Geysi
- Ásmundur Ernir Snorrason, Geysi
- Benjamín Sandur Ingólfsson, Geysi
- Brynja Kristinsdóttir, Sörla

- Daníel Gunnarsson, Skagfirðingi
- Eyrún Ýr Pálsdóttir, Fáki
- Flosi Ólafsson, Borgfirðingi
- Guðmunda Ellen Sigurðardóttir, Sleipni
- Guðmundur Björgvinsson, Geysi
- Glódís Rún Sigurðardóttir, Sleipni
- Gústaf Ásgeir Hinriksson, Geysi
- Hanna Rún Ingibergsdóttir, Geysi
- Hans Þór Hilmarsson, Geysi
- Helga Una Björnsdóttir, Þyt
- Jóhanna Margrét Snorradóttir, Mána
- Jakob Svavar Sigurðsson, Dreyra
- Sigurður Vignir Matthíasson, Fáki
- Teitur Árnason, Fáki
- Viðar Ingólfsson, Fáki
- Þórarinn Eymundsson, Skagfirðingi

U21-landsliðshópur LH 2026

Snemma árs 2026 tilkynnti Sigvaldi Lárus Guðmundsson U21-landsliðshóp sinn, hópurinn er skipaður 19 af efnilegustu knöpum landsins á aldrinum 17–21 árs sem leggja upp í vegferð í átt að Norðurlandamóti í Svíþjóð og þaðan að heimsmeistaramótinu í Rieden í Þýskalandi 2027. Allir knapar í hópnum hafa náð framúrskarandi árangri í hinum ýmsu greinum, búa yfir spennandi og sterkum hestakosti fyrir komandi tímabil og hafa sett sér skýr markmið um árangur.

Áhersla er lögð á að sterkustu knapar landsins á hverjum tíma séu hluti af hópnum sem kemur saman reglulega yfir árið, fær fræðslu og stuðning, og leggur jafnframt mikið af mörkum við fjáröflun fyrir stór verkefni LH. Endanlegt val á landsliðshópnum með áherslu á HM 2027 verður í október 2026.

Knapar í U21-landsliðshópi LH 2026

- Dagur Sigurðarson, Geysi
- Eik Elvarsdóttir, Geysi
- Elísabet Líf Sigvaldadóttir, Geysi
- Elva Rún Jónsdóttir, Spretti
- Eva Kærnested, Fáki
- Fanndís Helgadóttir, Sörla
- Gabríel Liljendal Friðfinnsson, Fáki
- Guðmar Hólm Ísólfsson Líndal, Þyt
- Guðný Dís Jónsdóttir, Spretti
- Hekla Rán Hannesdóttir, Spretti
- Herdís Björg Jóhannsdóttir, Spretti
- Kolbrún Sif Sindradóttir, Sörla
- Kristín Eir Hauksdóttir Holaker, Borgfirðingi
- Lilja Rún Sigurjónsdóttir, Fáki
- Matthías Sigurðsson, Fáki
- Ragnar Snær Viðarsson, Fáki
- Sara Dís Snorradóttir, Sörla

- Þórgunnur Þórarinsdóttir, Skagfirðingi

Fræðsla og samverur landsliðshópanna

Á árinu voru haldnir nokkrir sameiginlegir fundir og viðburðir fyrir A- og U21 landsliðshópana, auk samstarfs U21 landsliðsins og Hæfileikamótunar. Markmiðið var að auka fræðslu, efla liðsheild og undirbúa knapa fyrir álagið sem fylgir afreksíþróttum. Nýir þjálfarar voru samstíga um að stíga aukin skref í fræðslu um hugarþjálfun.

Sameiginlegir fundir

Sameiginlegur fundur A- og U21 landsliðanna var haldinn 18. febrúar 2026 í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal. Dagskráin var þétt. Grímur Gunnarsson, íþróttasálfræðingur hjá KSÍ, fjallaði um hugarþjálfun, þá flutti Linda Björk Gunnlaugsdóttir formaður LH erindi og Ólafur Gunnarsson gjaldkeri LH fór yfir fjármál landsliðsins. Hann sýndi fram á hve miklu fjáraflanir LH skipta við undirbúning og kostnað við að senda landsliðin á stórmót erlendis.

Hugarþjálfun

Grímur Gunnarsson sálfræðingur, sem starfar á vegum KSÍ, kom tvisvar og hélt fyrirlestra fyrir hópana, 18. febrúar og aftur 16. mars, þar sem hann fór dýpra í efnið og lagði fyrir knapa lítil verkefni. Það var jákvætt og gott skref og varð til þess að nokkrir knapar höfðu í kjölfarið sjálfir samband við hann og héldu vinnunni áfram á einstaklingsmiðaðan hátt.

Landsliðsnefnd telur þó ljóst að enn reglulegri og skipulegri vinnu þarf á þessum þætti til að hún skili tilætluðum árangri: verkfærum sem afreksknapar geta nýtt þegar komið er í keppni á hæstu stigum íþróttarinnar, auk þess að viðhalda áhugahvöt yfir lengri tíma og vinna að sértækum markmiðum og hlutamarkmiðum. Skrefin sem tekin voru eru engu að síður góð kynning á því hvaða hlutverki hugarfarið getur gegnt á afreksstigi og raunar á öllum stigum íþróttarinnar.

Aðrir fyrirlestrar

Fulltrúi Lyfjaeftirlits ÍSÍ hélt áhugavert erindi og útskýrði á mannamáli hvernig eftirlitið virkar og hvaða reglur gilda um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit. Auk þess komu þrír sérfræðidýralæknar að fræðslu hópanna á árinu: Sonja Líndal Þórisdóttir fjallaði um tann- og munnheilbrigði, Dr. Susanne Braun um hreyfifræði, staðsetningu hnakka, kírópraktík og fleira, og Helga Gunnarsdóttir, sérfræðingur í fótameinum hrossa, hélt ítarlegt erindi um helti. Mikilvægt er að knapar geri sér grein fyrir því hvað getur gerst hjá hestum undir álagi og hvernig megi koma í veg fyrir meiðsli, ekki síst þegar stefnt er með hesta á mót erlendis þar sem mikið er undir. Öll erindin voru faglega upp sett og góðar umræður sköpuðust í landsliðshópunum. Á öllum fundunum komu landsliðsþjálfarar jafnframt með innlegg um starfið, fyrirhugaða ferð á Norðurlandamótið og fleira.

Fyrirkomulag fræðslunnar

Mikilvægt er að halda úti öflugu fræðslustarfi fyrir landsliðshópana, en jafnframt áskorun að ná öllum á staðinn og gera það þannig úr garði að það verði hvetjandi en ekki íþyngjandi fyrir knapana. Fræðslan fór fram á virkum kvöldum og þeir sem komu um langan veg, einkum úr Skagafirði, áttu ekki alltaf auðvelt með að mæta vegna kennslu á Hólum, veðurs og ferðalaga. Þegar Helga og Grímur komu í seinna skiptið var hópnum því skipt í tvennt: knapar af suðurhluta landsins voru í Laugardal en knapar fyrir norðan á Háskólanum á Hólum. Þetta fyrirkomulag mæltist vel, sparaði tíma og ferðir og kom vel út fyrir hópana. Hægt er að byggja á því til framtíðar, enda tæknilegar lausnir mun aðgengilegri en áður. Vinnan er mikilvæg og byggja þarf á henni á næsta ári.

Samvera U21 landsliðsins og Hæfileikamótunar

Þann 19. apríl var haldinn sameiginlegur dagur U21-landsliðsins og Hæfileikamótunar með blöndu af fræðslu og skemmtun. Hugmyndin var að brúa bilið á milli hópanna tveggja. Það er mikilvægt fyrir knapa í Hæfileikamótun að kynnast landsliðsknöpunum og starfinu sem þar fer fram, og fá þannig að trúa því að þau geti náð þangað líka.

Allra sterkustu – fjáröflun í apríl 2026

Þann 4. apríl 2026 fór fram Allra sterkustu, mikilvægasti fjáröflunarviðburður landsliðsins, í reiðhöll Sörla í Hafnarfirði. Landsliðsknapar kepptu til úrslita í tölti, fjórgangi og fimmgangi, stóðhestar og hryssur voru sýndar og U21-landsliðið steig fram með skrautreið. Mikið var lagt í undirbúning fyrir

daginn og komu landsliðsknapar og þjálfarar að samsetningu dagskrár. Knapar úr Hæfileikamótun tóku einnig þátt með því að koma fram með atriði í sýningunni og aðstoða við sölu á happdrættismiðum og veitingum. Viðburðurinn heppnaðist afar vel og var fullt hús áhorfenda í nýrri og glæsilegri reiðhöll Sörla. Stóðhestavelta landsliðsins var að vanda haldin í tengslum við viðburðinn, mjög vel gekk að safna folatollum og seldust um 100 folatollar, stóðhestaveltan er ein af allra stærstu fjáröflunarleiðum landsliðsins.

Norðurlandamót íslenska hestsins 2026

Um mótið

Norðurlandamótið fór fram á Margaretehof á Skáni í Suður-Svíþjóð dagana 4.–9. ágúst 2026. Sex þjóðir sendu keppendur til leiks: Danmörk, Finnland, Færeyjar, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Keppt var í þremur aldursflokkum, fullorðins-, ungmenna- og unglingaflokki. Bæði í íþrótta- og gæðingakeppni.

Íslenski hópurinn

Íslenski hópurinn var óvenju sterkur að þessu sinni. Hann samanstóð af knöpum úr A- og U21-landsliðshópunum ásamt knöpum úr Hæfileikamótun sem kepptu í unglingaflokki, auk knapa sem náð höfðu framúrskarandi árangri erlendis á árinu. Samtals voru þetta 21 knapi með 23 hesta, þar af 8 hross flutt út sérstaklega fyrir mótið, mun fleiri en oft áður, þegar íslenska liðið hefur að stórum hluta stuðst við lánshesta á Norðurlöndunum.

Alls var 21 landsliðsknapi í liðinu með 23 hesta, 7 knapar í fullorðinsflokki og 14 knapar í ungmenna- og unglingaflokki. 8 knapar fóru með hesta sína frá Íslandi en að auki voru knapar búsettir erlendis á sínum hestum og knapar frá Íslandi á lánshestum. Frábær stemning var í liðinu sem einkenndist af einstakri liðsheild þar sem knapar studdu ötullega við hvern annan, óháð aldri, innan vallar sem utan.

Samtals kom landsliðið heim með 4 gull, 8 silfur og 9 brons sem er staðfesting á hæfileikum og eldmóði knapanna.

Árangur eftir greinum

Fimmgangur

- Snorri Dal – Gimmsteinn frá Víðinesi: 3. sæti í fullorðinsflokki (7,17)
- Þórgunnur Þórarinsdóttir – Tófa Þorvardóttir från Stall Vitavillan: 3. sæti í ungmennaflokki (6,69)
- Kristín Eir Hauksdóttir Holaker – Engill frá Ytri-Bægisá 1: 5. sæti í ungmennaflokki (6,33)
- Viktor Arnbro Þórhallsson – Ársól från Stensäter: 5. sæti í unglingaflokki (4,26)

Fjórgangur (ungmennaflokkur)

- Eva Kærnested – Logi frá Lerkiholti: 5. sæti í A-úrslitum (6,77)
- Elva Rún Jónsdóttir – Kvasir frá Steinnesi: 9. sæti (B-úrslit, 6,60)
- Guðný Dís Jónsdóttir – Laki från Adalgården: komst ekki í úrslit (5,67 í forkeppni)

Samanlagðar greinar

- **SILFUR** — Eva Kærnested – Logi frá Lerkiholti: 2. sæti í samanlögðum greinum, ungmennaflokki
- **SILFUR** — Viktor Arnbro Þórhallsson – Ársól från Stensäter: 2. sæti í samanlögðum greinum, unglingaflokki

Tölt T1

- Þórarinn Eymundsson – Náttfari frá Varmalæk: 7. sæti í fullorðinsflokki (B-úrslit, 7,33)
- **GULL** — Jón Ársæll Bergmann – Viskusteinn frá Íbishóli: Norðurlandameistari í ungmennaflokki (8,06)

- **SILFUR** — Hekla Rán Hannesdóttir – Tindur frá Árdal: 2. sæti í ungmennaflokki (7,50)
- **BRONS** — Eva Kærnested – Logi frá Lerkiholti: 3. sæti í ungmennaflokki (7,39)
- Elva Rún Jónsdóttir – Kvasir frá Steinnesi: 4. sæti, vann sig upp úr B-úrslitum (7,17)
- Elísabet Líf Sigvaldadóttir – Dyggur från Stummelbo: 7. sæti (B-úrslit, 6,89)
- Fanndís Helgadóttir – Ötull frá Narfastöðum: 9. sæti (B-úrslit, 6,44)
- Viktor Arnbro Þórhallsson – Ársól från Stensäter: 5. sæti í unglingaflokki (A-úrslit)

Slaktaumatölt T2

- **BRONS** — Fanndís Helgadóttir – Ötull frá Narfastöðum: 3. sæti í ungmennaflokki (7,21)
- **SILFUR** — Elísabet Benediktsdóttir – Míó från Änghaga: 2. sæti í unglingaflokki (6,50)

Gæðingaskeið

- **BRONS** — Bergþór Eggertsson – Fjalladís frá Fornusöndum: 3. sæti í fullorðinsflokki (7,50)
- Þórgunnur Þórarinsdóttir – Tófa Þorvardóttir: 5. sæti í ungmennaflokki
- Viktor Arnbro Þórhallsson – Ársól från Stensäter: 4. sæti í unglingaflokki (3,25)

250 m og 100 m skeið

- **SILFUR** — Kristján Árni Birgisson – Krafla frá Syðri-Rauðalæk: 250 m skeið fullorðinna (22,94 sek)
- **GULL** — Dagur Sigurðarson – Galbjartur frá Hóli: Norðurlandameistari í 250 m skeiði ungmenna (23,93 sek)
- **BRONS** — Þórgunnur Þórarinsdóttir – Tófa Þorvardóttir: 250 m skeið ungmenna (24,80 sek)
- Bergþór Eggertsson – Fjalladís frá Fornusöndum og Sigurður Narfi Birgisson – Randver frá Þóroddsstöðum: 5. og 7. sæti í 250 m skeiði fullorðinna
- **BRONS** — Viktor Arnbro Þórhallsson – Ársól från Stensäter: 100 m skeið unglinga (9,70 sek)
- Dagur Sigurðarson – Galbjartur frá Hóli og Kristján Árni Birgisson – Krafla frá Syðri-Rauðalæk: 4. og 6. sæti í 100 m skeiði

Gæðingakeppni

- **SILFUR** — Þórður Þorgeirsson – Gormur frá Villanora: 2. sæti í A-flokki (8,66), eftir að hafa leitt eftir forkeppni
- **SILFUR** — Þórarinn Eymundsson – Náttfari frá Varmalæk: 2. sæti í B-flokki (8,83)
- **BRONS** — Reynir Örn Pálmason – Agnar frá Margrétarhofi: 3. sæti í B-flokki (8,72)
- **GULL** — Jón Ársæll Bergmann – Viskusteinn frá Íbishóli: Norðurlandameistari í B-flokki ungmenna, sinn annar titill (8,88)
- **SILFUR** — Hekla Rán Hannesdóttir – Tindur frá Árdal: 2. sæti í B-flokki ungmenna (8,79)
- **BRONS** — Sara Dís Snorradóttir – Nökkvi frá Syðra-Skörðugili: 3. sæti í B-flokki ungmenna (8,71)
- Kristín Eir Hauksdóttir Holaker – Engill frá Ytri-Bægisá 1: 7. sæti í A-flokki ungmenna (8,23)
- **GUL**L — Elísabet Líf Sigvaldadóttir – Dyggur från Stummelbo: Norðurlandameistari í unglingaflokki (8,50)

Atvik á mótinu

Á lokadegi mótsins komu upp veikindi í þremur hrossum danska landsliðsins, sem fengu hita. Hross hvers lands eru hýst aðskilin á mótum sem þessu og líkamshiti allra hrossa mældur tvisvar á dag, sem varð til þess að veikindin uppgötvuðust snemma og héldust innan afmarkaðs hóps — hross íslenska liðsins sluppu við veikindin. Sýnataka var gerð til að útiloka alvarlega smitsjúkdóma á borð við hestaherpesveiru (EHV-1), hestainflúensu og anaplasmósu, og reyndust þau sýni neikvæð. Rannsókn á heyi sem veiku hrossin höfðu fengið benti sterklega til að myglusveppur í heyinu ætti sök á veikindunum. Nokkru síðar bárust þær sorglegu fréttir að einn þeirra hesta sem veiktust hefði drepist.

Sem varúðarráðstöfun var allur fatnaður íslenskra landsliðsknapa og starfsfólks skilinn eftir á Keflavíkurflugvelli til sótthreinsunar. Íslenski hrossastofninn er einangraður og hefur takmarkað ónæmi gegn smitsjúkdómum sem finnast erlendis, og ströng skilyrði gilda um innflutning notaðra reiðtygja og reiðfatnaðar til að verjast því að sjúkdómar berist til landsins.

Samantekt og næstu skref

Næsta Norðurlandamót verði haldið í Noregi 2028 og halda þarf áfram þeirri vegferð sem hafin er, gera Norðurlandamótum hærra undir höfði og efla íslenska hestaheiminn áfram, enda sé þátttaka í þessum mótum lykilatriði. Fulltrúar annarra Norðurlandaþjóða hrósuðu Íslandi sérstaklega fyrir aukinn kraft í þátttöku á mótinu í Svíþjóð, sem er ánægjuleg staðfesting á að sú stefnubreyting sem landsliðsnefnd markaði haustið 2025 sé að skila sér.

Árið 2024 fór 1 hestur út með landsliðinu, en nú árið 2026 voru fluttir út 8 hestar. Stefnt er á að fara með 12–15 hross á næsta mót í Noregi og minnka þannig vægi lánshesta erlendis frá. Reynslan úr Svíþjóð sýndi að þeir hestar sem Ísland fékk lánaða voru misvel á sig komnir. Hross sem ekki höfðu komist að hjá öðrum landsliðum og voru jafnvel í fjórða eða fimmta vali, sem veikti stöðu íslenska liðsins verulega í keppni. Landsliðsnefnd telur mikilvægt að vera gagnrýnni á það hrossaval sem býðst: sum lánshrossin stóðu ekki undir þeim einkunnum sem þau höfðu hlotið erlendis og voru í lakari þjálfun en vænst var, og í einstaka tilfellum hefðu hross vart átt að standast dýralæknaskoðun, meðal annars gamlir áverkar sem takmörkuðu þátttöku eins hests úr þremur greinum niður í eina vegna munnáverka. Einnig var bent á að betur hefði mátt standa að járningum útfluttra hrossa, sem nefndin telur að hafi mögulega kostað liðið 1–2 gullverðlaun. Þá er lögð áhersla á að efla þurfi skeiðmenningu í unglinga- og ungmennaliðinu.

Liðsandinn í Svíþjóð var alveg einstakur: þjálfarateymið vann vel saman, og knapar, aðstoðarfólk (groom) og aðstandendur mynduðu eina samhenta heild, bæði innan vallar og utan. Sumir foreldrar lögðu sig sérstaklega fram við að létta undir með teyminu. Niðurstaða landsliðsnefndar er að afreksstefna LH sé að skila árangri og að áfram þurfi að fylgjast með því sem aðrar þjóðir gera, bæta sig og þróast.

Viðurkenningar fyrir keppnisárið 2025

Á íþróttahátíð ÍSÍ í ársbyrjun 2026, þar sem árangur HM-ársins 2025 í Sviss var til umfjöllunar, varð landslið Íslands í hestaíþróttum í fjórða sæti í vali á liði ársins — næst á eftir þeim þremur liðum sem formlega voru tilnefnd. Konráð Valur Sveinsson, knapi ársins hjá LH, varð í 18. sæti í kjöri íþróttamanns ársins, og Sigurbjörn Bárðarson, fyrrum landsliðsþjálfari, varð sjöundi í vali á þjálfara ársins.

Í október 2025 voru jafnframt kynntar tilnefningar til knapaverðlauna LH fyrir keppnisárið 2025. Flestir knapanna sem tilnefndir voru eru í afreksstarfi LH. Meðal annars voru nefnd nöfn á borð við Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur, Árna Björn Pálsson, Ásmund Erni Snorrason, Helgu Unu Björnsdóttur, Jakob Svavar Sigurðsson, Daníel Jónsson, Gústaf Ásgeir Hinriksson, Hlyn Guðmundsson, Sigurð Sigurðarson, Hans Þór Hilmarsson, Ingiberg Árnason, Konráð Val Sveinsson, Sigurstein Sumarliðason, Guðmar Hólm Ísólfsson Líndal, Kristján Árna Birgisson, Söru Dís Snorradóttur, Védísi Huld Sigurðardóttur og Þórgunni Þórarinsdóttur.

Framundan

Næsta stórverkefni landsliðsins er heimsmeistaramót íslenska hestsins 2027, sem fram fer í Rieden í Þýskalandi. Undirbúningur fyrir mótið er þegar hafinn hjá bæði A- og U21 landsliðshópunum undir stjórn þjálfaranna Ísólfs Líndal Þórissonar, Sigvalda Lárusar Guðmundssonar, afreksstjórans Hinriks Sigurðssonar og landsliðsnefndar.

Virðingafyllst

Sigurbjörn Eiríksson, formaður landsliðsnefndar.